

15. Frumvarp

til laga um mæli- og vigtartæki.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

Allir, er verslun reka, skulu mæla og vega varning sinn með mæli- og vigtartækjum (lóðum og vogum), sem stimpluð og löggilt eru; tæki þessi skulu háð opinberu eftirliti, sem þó ekki skerði að neinu leyti skyldu þá, er hvilir á notendum, til að sjá um, að mæli- og vigtartæki þeirra sjeu rjett.

Ennfremur nær löggildingar- og eftirlitsskyldan til allra þeirra mæli- og vigtartækja, sem notuð eru við útreikninga á tollum til landssjóðs, eða sem notuð eru við að semja vigtar- og vörumatsvottorð og að öðru leyti eftir því, sem ákveðið kann að verða í tilskipun þeirri, er nefnd er í 2. gr.

2. gr.

Undir umsjón stjórnarráðsins skal setja á stofn löggildarskrifstofu, sem annast:

- a) Stimplun og löggilding mæli- og vigtartækja; jafnframt fellur burt sú löggildingarskylda, sem hvílir á sýslumönnum og bæjarfógetum (sbr. lög nr. 16, 11. júlí 1911),
 - b) Einkasölu á stimpluðum og löggiltum mæli- og vigtartækjum,
 - c) »tekniskt« eftirlit með mæli- og vigtartækjum,
- alt eftir nánari ákvæðum, sem felast í lögum þessum og sett verða í konunglegri tilskipun um mæli- og vigtartæki.

3. gr.

Löggildingarskrifstofunni skal stjórnað af forstöðumanni, sem stjórnarráðið útnefnir, og hefur hann að launum 2500 kr. á ári, auk alt að 500 kr. til ferðakostnaðar.

Til þess að koma skrifstofunni á stofn má greiða úr landssjóði alt að 8000 kr.

Annar kostnaður við rekstur skrifstofunnar skal greiddur, að svo miklu leyti, sem unt er, með þeim tekjum, sem skrifstofan fær inn fyrir útsölustarfa sinn og eftirlit. Fjárhagsáætlun skrifstofunnar skal tekin upp í fjárlögin. Útsöluverðið á mæli- og vigtartækjum, sem skrifstofan hefur einkasölu á, skal staðfest af stjórnarráði Íslands.

A. Löggildingarstarfinn.

4. gr.

Löggilding á mæli- og vigtartækjum fer fram á þann hátt, að tækið er stimplað með löggildingarmerki, sem er fangamark Kristjáns konungs X. með kórónu, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram.

5. gr.

Mæli- og vigtartæki, sem einkasala löggildingarskrifstofunnar nær ekki til, má afhenda til löggildingar, ef skrifstofan telur þau tryggilega úr garði gerð.

6. gr.

Löggildingarskrifstofan getur löggilt á ný mæli- og vigtartæki, sem áður hafa löggilt verið, ef hægt er að útbúa þau þannig, að þau uppfylli þau skilyrði, er giltu við fyrstu löggildingu þeirra.

Þeir, er nota löggilt mæli- og vigtartæki, skulu sjá um, að láta löggilda tækin á ný, þegar skekkjan á þeim fer fram úr því slitmarki, sem ákveðið verður í framannefndri tilskipun. Notendur mega hvorki sjálfir eða með annara aðstoð breyta eða gera við löggilt tæki, nema þeir jafnframt afmái löggildingarmerkin.

B. Útsölustarfinn.

7. gr.

Einkasala löggildingarskrifstofunnar nær til allra löggildingarskyldra tækja sem nefnd eru í 1. gr., sömuleiðis til þeirra mæli- og vigtartækja, sem notuð eru til annars, eftir því sem ákveðið er í kgl. tilskipun.

8. gr.

Löggildingarskrifstofan skal annaðhvort sjálf eða láta aðalútsölumann undir sinni umsjón hafa fyrirbyggjandi þau mæli- og vigtartæki, sem alment eru notuð, og skal, að svo miklu leyti sem eftirspurnin krefur, annast um að þau sjeu einnig til sölu utan Reykjavíkur.

9. gr.

Nú æskir einhver að fá tæki, sem einkasala löggildingarskrifstofunnar nær til en hún ekki hefur fyrirbyggjandi, og getur hann þá aflað sjer þeirra annarsstaðar að og krafist þess, að löggildingarskrifstofan löggildi þau, þó því að eins, að hún telji þau tryggilega úr garði gerð.

Samkvæmt tilskipun þeirri, er nefnd er í 2. gr., getur löggildingarskrifstofan ennfremur, þegar sjerstaklega stendur á, gefið leyfi til að nota mæli- og vigtartæki, sem hún hefur ekki sjálf löggilt, en sem löggilt eru með því löggildingarmerki, sem gildi, áður en lög þessi öðluðust gildi. Þó skal við fyrsta tækifæri stimpla tæki þessi með ársmerki löggildingarskrifstofunnar.

C. Eftirlitsstarfinn.

10. gr.

A lögreglustjóra hvilir sú skylda að sjá um, að kaupmenn noti eingöngu löggilt mæli- og vigtartæki og yfir höfuð, að haldin sjeu þau ákvæði sem sett eru um notkun slíkra tækja.

Hann lætur án nokkurs fyrirvara skoða mæli- og viktartæki hjá öllum, sem eftirliti eru háðir, og rannsakar, hvort tækin hafi verið löggilt og stimpluð, þegar síðar umgetin »teknisk« prófun eða ný löggilding fer fram.

11. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að rannsaka bæði, hvort tæki þau, er notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt og hvort tækin í raun og veru sjeu rjett, og skal löggildingarskrifstofan veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar hjer að lútandi, og þann stuðning, sem með þarf.

12. gr.

Löggildingarskrifstofunni skal skylt, að minsta kosti þriðja hvert ár, að láta framkvæma »tekniska« prófun á öllum mæli- og vigtartækjum, er kaupmenn nota, og einnig á öðrum samskonar tækjum, sem hið opinbera hefur umsjón með.

Eftirlitsmönnum er heimill tafarlaus aðgangur að öllum stöðum, þar sem mæli- og vigtartæki eru notuð og er heimilt að krefjast aðstoðar lög-
reglustjóra, ef á þarf að halda.

Notandi nefndra tækja skal veita aðstoð sína, ef prófunin þarf sjer-
stakrar hjálpar við. Í kaupstöðum og kauptúnum er honum skylt að senda
þau tæki, sem flytjanleg eru, til þess staðar, sem eftirlitsmenn ákveða.

13. gr.

Fyrir »tekniska« eftirlitið skal greitt gjald, sem löggildingarskrifstofan
innheimtir, og ákveðið er í tilskipun þeirri, er nefnd er í 2. gr.

Æski löggildingarskrifstofan þess, skal lögreglustjóri senda henni skrá
yfir menn þá í lögsagnarumdæmi hans, sem verslunarrjett hafa og ennfremur
aðrar upplýsingar, sem eftirlitið krefur.

Gjöld þau, sem inn koma fyrir eftirlitið, skulu teljast til tekna lög-
gildingarskrifstofunnar.

D. Ýms ákvæði og hegningarákvæði.

14. gr.

Nota má framvegis þau mæli- og vigtartæki, sem til eru, þegar lög
þessi öðlast gildi, og sem eru löggilt á rjettan og löglegan hátt eftir þeim regl-
um, sem hingað til hafa gilt.

Þó skal eins fljótt og unt er — að því er Reykjavík og kaupstaðina
snertir, í seinasta lagi innan eins árs, eftir að lögin öðlast gildi — framkvæma
»tekniska« prófun og merkingu á öllum eldri löggildingarskyldum mæli- og
vigtartækjum, eins og getið er um í 12. gr.

15. gr.

Löggildingar- og eftirlitsskylda sú, sem fyrirskipuð er samkvæmt lög-
um þessum nær ekki til vigtartækja lækna og lyfsala; skulu þau stöðugt
vera háð sjerstöku eftirliti landlæknis. Hann getur, samkvæmt nánari heimild
í tilskipun þeirri, er nefnd er í 2. gr., sett ákvæði um slík vigtartæki.

16. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugjörðum, sem settar eru samkvæmt
lögnum, varða sektum til landssjóðs frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi
við að lögum. Ólögleg mæli- og vigtartæki skulu upptæk, og andvirði þeirra
renna í landssjóð. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem
almenn lögreglumál. Í tilskipun þeirri er nefnd er í 2. gr., verður nánar ákveð-
ið, að hve miklu leyti hegningarvert sje að nota löggilt mæli- og vigtartæki,
sem breyst hafa við elli og slit.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1919.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Hvað eftir annað hefur komið fram ósk um það, og það einnig frá Alþingis hálfu, að komið væri skipun á löggildingu mæli- og vigtartækja hér í landi, en stjórnarráðið hefur hingað til ekki reynt að koma slíkri skipun á, aðallega af þeirri ástæðu, að slík skipun mundi hafa í för með sjer allmikla erfiðleika og kostnað ekki alllítinn, er til framkvæmda kæmi.

Stjórnarráðið telur þó, að nú sje tímabært að koma skipulagi á málið, þannig að ekki verði einungis komið skipun á sjálft löggildingarmálið, heldur og einnig komið á fót öflugum eftirliti með mæli- og vigtartækjum, sem notuð eru í viðskiftum manna í millum. Reglur um síðarnefnt atriði verða að álitast mjög áriðandi og án þeirra er varla hægt að verja það að setja á stofn löggildingarskrifstofu. Sjálf löggildingin gefur aðeins bráðabirgðatryggingu fyrir nothæfi tækjanna; og reynslan sýnir, að löggilt tæki breytast svo við slitið á fáum árum, að þau gefa ranga niðurstöðu í máli og vigt. T. d. má nefna, að árið 1911 var í Danmörku hafin »teknisk« skoðun hjá ýmsum kaupmönnum; af 2,134 lóðum reyndust 42% nothæf, 38% fóru fram úr slitmarkinu og 20% fram úr hegningarmarkinu, og af 388 vogum voru 30% nothæfar, 27% fóru fram úr slitmarkinu og 43% fram úr hegningarmarkinu. Þegar niðurstaðan er þessi, þar sem hægur aðgangur er að endurnýjaðri löggildingu, er engin ástæða til að ætla, að ástandið sje betra hér í landi.

Aðalatriðið við löggjöf um slíkt efni hlýtur því að vera öflugt og tímabundið eftirlit, sem framkvæmt sje þá er sjerfræðingur rannsakar tækin.

Samkvæmt gildandi lögum hvílir sú skylda á sýslumönnum og bæjarfógetum að löggilda tækin. Hjer er farið fram á, að þessi starfi sje fenginn í hendur sjerstakri löggildingarskrifstofu, sem jafnframt skal takast á hendur áðurgreinda »tekniska« skoðun og einkasölu mæli- og vigtartækja. Þessi einkasala er óhjákvæmileg eftirlitsins vegna og til þess að sporna við því, að tæki, sem ófær eru til stöðugar notkunar, skuli send til löggildingar; en auk þess er þessi einkasala hagkvæm leið til að fá lúkningu á nokkrum hluta þeirra útgjalda, sem fyrirkomulagið hefur í för með sjer.

Nú kann við einstaka starfsrekstur að vera þörf á sjerstökum mæli- og vigtartækjum, sem ekki er hægt að heimta, að löggildingarskrifstofan hafi sölu á, og eru því í 5. og 9. gr. tekin upp ákvæði um það efni.

Að því, er snertir eftirlitsstarfann, hlýtur eftirlit lögreglustjóra að vera aðeins umsjón með því, að þau tæki, er notuð eru, sjeu löggilt, en aftur á móti verður prófun á máli og vigt að framkvæmast af starfsmönnum löggildingarskrifstofunnar með eftirlitsferðum, enda fari skoðun fram árlega í þokkrum hluta kaupþúna landsins. Með ákvæðunum í 12. gr. er reynt að gera þessa skoðun auðveldari, svo að hún geti farið fram tafarlaust og án mjög mikils kostnaðar. Að því er snertir löggilta vörumatsmenn og vigtarmenn, virðist eðlilegt að gera enn meiri kröfur til sjálfstæðrar skyldu til að rannsaka, hvort tækin sjeu rjett.